

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/141/EB

2011/EES/10/14

frá 23. nóvember 2009

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, þeóbrómín, *Datura sp. Ricinus communis L.*, *Croton tiglium L.* og *Abrus precatorius L.* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fôðri ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fôður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Að því er varðar fôður sem verður til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra benda nýlegar upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum um heildarstyrk arsens (samanlagt magn lífræns og ólífræns arsens) til þess að nauðsynlegt sé að hækka tiltekin hámarksgildi fyrir heildarstyrk arsens. Aukaafurðir úr fiskflökun eru verðmæt hráefni í framleiðslu á fiskimjöli og fisklýsi til að nota í fôðurlöndur, einkum fiskafôður.
- 3) Hækkun hámarksgilda fyrir heildarstyrk arsens í fôðri sem verður til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra og í fiskafôðri hefur engar breytingar í för með sér að því er varðar hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen. Þar eð hugsanleg, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og dýra af völdum arsens ráðast af ólífræna þættinum í tilteknu fôðri eða matvælum og líkur á eiturhrifum af völdum lífrænu arsensambandanna eru afar litlar ⁽²⁾ hafa hækkuð gildi fyrir heildarstyrk arsens ekki áhrif á vernd heilbrigðis dýra og manna.

- 4) Í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB miðast hámarksgildið fyrir arsen við allt innihald arsens, þar eð engin stöðluð, venjubundin aðferð er til við greiningu á ólífrænu arseni. Þegar um er að ræða tilvik þar sem lögbær yfirvöld fara fram á greiningu á styrk ólífræns arsens er þó í sama viðauka kveðið á um hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen.
- 5) Þar eð útdráttaraðferðin hefur í sumum tilvikum veruleg áhrif á niðurstöður greininga á heildarinnihaldi arsens þykir rétt að tilgreina útdráttaraðferð til að nota sem viðmiðun við opinbert eftirlit.
- 6) Upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum og samtökum hagsmunaaðila benda til þess að verulegt magn af arseni sé til staðar í aukefnum sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna sem eru leyfð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ⁽³⁾. Rétt þykir að fastsetja hámarksgildi fyrir arsen í þessum aukefnum til að vernda heilbrigði manna og dýra.
- 7) Að því er varðar þeóbrómín komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 10. júní 2008 ⁽⁴⁾ að með núverandi hámarksgildum fyrir þeóbrómín sé sumum dýrategundum ekki veitt nægileg vernd. Í álitinu var bent á hugsanleg, skaðleg áhrif á svín, hunda og hesta og á mjólkurframleiðslu í mjólkurkúm. Því er rétt að fastsetja lægri hámarksgildi.
- 8) Að því er varðar beiskjuefni í öllum tegundum af ættkvíslinni *Datura* komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 9. apríl 2008 ⁽⁵⁾ að í ljósi þess að trópanbeiskjuefni eru til staðar í öllum tegundum *Datura* sé rétt, til að vernda heilbrigði dýra, einkum svína, að rýmka hámarksgildin fyrir *Datura stramonium L.*, eins og þau eru sett fram í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, þannig að þau eigi við um allar tegundir af ættkvíslinni *Datura*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 308, 24.11.2009, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

⁽²⁾ Vísindaálit sérfræðinganeftarinnar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, í tengslum við arsen sem óæskilegt efni í fôðri, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2005) 180, bls. 1-35.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽⁴⁾ Vísindaálit sérfræðinganeftarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um þeóbrómín sem óæskilegt efni í fôðri. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 725, bls. 1-66.

⁽⁵⁾ Vísindaálit sérfræðinganeftarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um trópanbeiskjuefni (úr tegundum af ættkvíslinni *Datura*) sem óæskilegt efni í fôðri. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 691, bls. 1-55.

9) Að því er varðar rísín (úr *Ricinus communis* L.) komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 10. júní 2008 ⁽¹⁾ að í ljósi þess að eiturhrif eiturfanna í *Ricinus communis* L. (rísíni), *Croton tiglium* L. (krótíni) og *Abrus precatorius* L. (abráni) eru svipuð sé rétt að hámarksgildi fyrir *Ricinus communis* L., eins og þau eru sett fram í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, gildi einnig um *Croton tiglium* L. og *Abrus precatorius* L., hvort sem þær plöntur eru notaðar hvor í sínu lagi eða í sameiningu.

10) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2010.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Vísindaálit sérfræðinganeftardarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um rísín (úr *Ricinus communis*) sem óæskilegt efni í föðri. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 726, bls. 1-38.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. línu, arsen, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainihald
(1)	(2)	(3)
„1. Arsen (*) (**)	Fóðurefni, að undanskildu:	2
	— mjóli úr grasi, þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykkurrófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykkurrófumauki,	4
	— pálmakjarnaköku,	4 (***)
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	10
	— kalsíumkarbónati,	15
	— magnesíumoxíði,	20
	— óðri sem fellur til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra, þ.m.t. fiskur,	25 (***)
	— þörungamjóli og fóðurefnum úr þörungum,	40 (***)
	Járnagnir notaðar sem sporefni.	50
	Aukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna, að undanskildu:	30
	— koparsúlfatpentahýdrati og koparkarbónati,	50
	— sinkoxíði, manganoxíði og koparoxíði,	100
	Heilfóður, að undanskildu:	2
	— heilfóðri fyrir fisk og heilfóðri fyrir loðdýr	10 (***)
	Fóðurbætur, að undanskildu:	4
	— steinefnafóðri,	12“

(*) Hámarksgildi vísa til heildarstyrks arsens.

(**) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á arseni þar sem útdráttur er gerður í saltþéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir, hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.

(***) Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal, að beiðni lögbærra yfirvalda, láta fara fram greiningu til þess að sýna fram á að innihald ólífrens arsens sé minna en 2 milljónarhlutar. Þessi greining er sérlega mikilvæg að því er varðar þörungategundina *Hizikia fusiforme*.

2. Í stað 10. línu, þeóbrómín, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„10. Þeóbrómín	Heilfóður, að undanskildu: — heilfóðri fyrir svín, — heilfóðri fyrir hunda, kanínur, hesta og loðdýr,	300 200 50“

3. Í stað 14. línu, illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„14 Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, m.a.: Tegundir af ættkvíslinni <i>Datura</i> .	Allt fóður	3000 1000“

4. Í stað 15. línu, kristpálmi – *Ricinus communis L.*, komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„15. Fræ og hýði <i>Ricinus communis L.</i> , <i>Croton tiglium L.</i> og <i>Abrus precatorius L.</i> og einnig unninna afleiða þeirra (****), einna sér eða saman.	Allt fóður	10“

(****) Að svo miklu leyti sem ráða má með greinandi smásjárrannsókn.

5. 34. lína, tígurskrúð – *Croton tiglium L.*, er felld brott.